



Ljósmyndakeppni

„Ölfus með augum barna“

Í tilefni af Barnamenningardögum á Suðurlandi er börnum og ungmennum boðið að taka þátt í ljósmyndakeppni þar sem þau fá tækifæri til að sýna sitt sjónarhorn á heiminn í kringum sig. Keppnin fer fram í flestum sveitarfélögum á Suðurlandi og verður valin dómnefnd sem velur bestu myndirnar í hverju sveitarfélagi og veitir verðlaun. Þrjár efstu myndirnar fara áfram í sameiginlega stafræna ljósmyndasýningu undir yfyrskriftinni „Suðurland með augum barna“, þar sem myndir barna alls staðar af Suðurlandi verða sýndar saman.

Markmið keppinnar er að gefa börnum vettvang til að tjá sig í gegnum ljósmyndun og sýna hvernig þau upplífa sitt umhverfi, samfélag og náttúru!

Hverjir geta tekið þátt

- Keppnin er opin börnum og ungmennum á Suðurlandi
- Keppt er í þremur aldursflokkum:
- 5–8 ára / 9–12 ára / 13–17 ára
- Hver þátttakandi má senda inn allt að 3 ljósmyndir

Efni ljósmynda

- Myndirnar skulu tengjast Suðurlandi eða heimabyggð þátttakanda.
- Myndirnar mega sýna t.d. náttúru, daglegt líf, fólk, staði, leik, menningu eða eitthvað sem fangar athygli ljósmyndarans

Tæknileg atriði

- Myndir skulu vera stafrænar og í góðum gæðum
- Mælt er með JPG eða PNG formati.
- Lágmarks upplausn: ca. 2000 px á lengri hlið ef mögulegt er
- Skilafrestur 7. apríl á bokasafn@olfus.is

Dómnefnd

- Myndir metnar út frá:
 - frumleika
 - sjónarhorni barnsins
 - myndbyggingu
 - tengingu við þemað



Nánari leiðbeiningar
og reglur:
Skannaðu QR kóðann!